

Sp. 99. Tillaga til þingsályktunar [89. mál]

um fræðslu og þátt fjölmiðla í þágu áfengisvarna.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Helgi F. Seljan, Ingvar Gíslason,
Oddur Ólafsson, Bragi Sigurjónsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar, að brýn þörf sé markvissra aðgerða í þágu áfengisvarna í landinu. Sérstaklega beri að leggja rækt við hvers konar fyrirbyggjandi fræðslu- og upplýsingastarf.

Í því skyni skorar Alþingi á ríkisstjórnina að beita sér fyrir:

1. Að hraðað verði sem kostur er skipulagningu og undirbúningi Skólarannsóknaríkisins á áfengisfræðslu í öllum skólum landsins og endurskoðun á reglugerð um slíka fræðslu.
2. Að fjölmiðlar, og þá einkum sjónvarpið, verði nýttir með skipulegum hætti í þessu skyni. Þannig verði reglulega teknir upp í dagskrá sjónvarpsins fræðslu- og skemmtiþættir í samráði við áfengisvarnaráð og aðra þá aðila, sem vinna að bindindisstarfi og áfengisvörnum.

G r e i n a r g e r ð .

Þingsályktunartillaga þessi er borin fram í framhaldi af störfum nefndar þeirrar er kjörin var á Alþingi 1975 af öllum þingflokkum til að kanna ástand í áfengismálum okkar og leggja að starfi loknu fram ábendingar og tillögur er að gagni mættu koma til að ráða nokkra bót á þessu mikla þjóðfélagsvandamáli.

Nefnd þessi vann mikið og gott starf milli þinga og fram eftir vetri 1975—76, safnaði miklum upplýsingum og leitaði áhlits og umsagnar fjölmargra aðila. Gaf hún jafnframt fulltrúum þingflokka kost á að fylgjast með starfinu og lagði að lokum fram drög að frumvarpi til laga um ýmsar breytingar á gildandi áfengislögum og þingsályktunartillögu er varðar sérstaklega fræðslu- og upplýsingahlið áfengismála. Frumvarpið og þingsályktunartillagan voru síðan lögð fram á síðasta

þingi, en hvorugt málið fékk þá afgreiðslu og er því tillagan endurflutt nú óbreytt, greinargerð hins vegar með lítils háttar breytingum. Frumvarpið mun og endurflutt innan tíðar.

Í gildandi áfengislögum, 31. gr., eru skýr ákvæði um áfengisfræðslu í öllum íslenskum skólum, er opinbers styrks njóta. Væri þeim ákvæðum framfylgt í raun, þyrftum við ekki að hafa áhyggjur af þessari hlið málsins. En því miður hefur framkvæmdin á þessari lagagrein, eins og á við um mörg önnur ágæt lagaákvæði, orðið margfalt ófullkomnari en skyldi. Þrátt fyrir góðan vilja og skilning margra skólamanna á mikilvægi þessa máls. Áfengisfræðsla er viðkvæm og vandmeðfarin og getur gert meiri skaða en gagn, sé ekki rétt á haldið.

Undanfarin ár hefur farið fram á vegum Skólarannsóknar ríkisins undirbúningur að skipulegri fræðslu um áfengismál í skólum landsins. Er ætlunin að fella þá fræðslu inn í námsefni í samfélagsfræði annars vegar og líffræði hins vegar. Ný handbók í áfengisfræðslu, ætluð kennurum, mun nú um það bil fullbúin til útgáfu, en margt er enn ógert varðandi þennan undirbúning, svo að full ástæða er til að knýja á um að honum verði hraðað eftir föngum. Jafnframt er nauðsynlegt að endurskoða núgildandi reglugerð um bindindisfræðslu með tilliti til nýrra upplýsinga um þessi mál, nýrra kennsluhátta og nýrrar kennslutækni. Frá þeim tíma, er þessi reglugerð var samin — árið 1956, hafa orðið ýmsar gerbreytingar í þjóðfélagi okkar, sem nauðsynlegt er að taka mið af. Þá varðar og miklu, að sérstaklega sé hugað að þessum fræðsluþætti í menntun kennaraefna í Kennaraháskóla Íslands.

Í öðrum þætti tillögunnar er farið fram á aukið liðsinni fjölmiðla í baráttunni gegn áfengisbólinu. Er þar sérstaklega bent á sjónvarpið, sem vafalaust er hvað áhrifamesta tækið, sem við höfum yfir að ráða til að ná athygli fólks á öllum aldri. Hjóðvarpið hefur þegar um alllangt skeið haldið uppi ágætum þáttum um áfengismál, og ber að virða þá góðu viðleitni, sem líklega er þó fremur að þakka áhuga einstakra starfsmanna útvarpsins heldur en stefnumótandi ákvörðun stofnunarinnar sem slíkrar. Nefndin, sem áður var getið, bendir réttilega á, að mikið væri unnið ef hægt væri að svipta hinum falska dýrðarljóma af áfenginu með markvissri fræðslu og áróðri í fjölmiðlum — dagblöðum og útvarpi.

Athyglisverðar fréttir um áfengismál af innlendum og erlendum vettvangi í fréttatímum sjónvarps, auk sérstakra umræðuþátta, t. d. í Kastljósi, sem vel væri vandað til, gætu tvímælalaust orðið hér að liði. Þá væri og eðlilegt og sjálfsagt, að um þessi efni væri fjallað í íþróttarþáttum fjölmiðla og áhersla lögð á, að áfengi og íþróttir fara ekki saman.

Ríkisfjölmiðlum ber tvímælalaus siðferðileg skylda til að sinna þessum málum af meiri alvöru en hingað til, svo drjúg tekjulind sem ágóði af áfengissölu er íslenska ríkinu. Sá ágóði er þó að stórum hluta blekking ein, og enginn vafi er á, að aukin bindindissemi þjóðarinnar og minnkandi áfengisneysla mundi skila margföldum arði í betra og heilbrigðara þjóðlífi.

Að sjálfsögðu þyrfti fræðsla sú og upplýsingar, sem tillaga þessi fer fram á, einnig að ná til annarra skaðlegra fíkniefna en áfengis, þótt það sé hér sérstaklega tekið fyrir. Verkefnið yrði þar með enn umfangsmeira, en þeim mun meiri ástæða til að öll ábyrg þjóðfélagsöfl — heimili, skóli og fjölmiðlar — leggist á eitt í baráttunni gegn þessum hölvaldi, ekki hvað síst með tilliti til hinnar upprennandi kynslóðar sem hvað helst þarf verndar og leiðbeininga við.